


Fréttabréf Fjallabyggðar

Fjallabyggð



I. tölublað 2009

Maí 2009

Mikil aðsókn í ferðir um Héðinsfjarðargöng



Efnisyfirlit

- Ferðamennirnir „okkar“ 2
- Framkvæmdir í sumar 3
- „Horft til framtíðar“ 4
- Allir á íbúðing! 4
- Fjármál sveitarfélagsins 5
- Framhaldsskólinn orðinn að veruleika 6
- Nám á framhaldsskólastigi í Fjallabyggð 6
- Fréttir af heimasíðunni 7

Sunnudaginn 26. apríl bauð Fjallabyggð í samvinnu við Metrostav uppá rútuferðir í gegnum Héðinsfjarðargöng. Fjórar stórar rútur voru í ferðum milli byggðakjarnanna í Fjallabyggð auk þess sem fjöldi einkabíla fóru í gegn.

Áætlað er að rúmlega þúsund manns hafi farið á milli bæjarhlutanna og að í Héðinsfirði þar sem nemendur 10. bekkjar Grunnskóla Ólafsjarðar báru fram drykki í boði Vífilfells.

Margir Siglfirðingar nýttu sér sundlaugina í Ólafsfirði, heimsóttu Náttúrugripasafnið og fengu sér kaffi á Hótel Brimnesi og á Höllinni. Fjöldmargir Ólafsfirðingar fengu sér veitingar á Torginu og í Allanum, heimsóttu Síldarminjasafnið, Þjóðlagasetrið og frumkvöðla-setur Rauðku þar sem hægt var að skoða ljósmyndasafn Siglufjarðar.

Aðsókn var mun meiri en búist hafði verið við og urðu einhverjir frá að hverfa. Fréttir höfðu borist í nágrenna-

byggðalögin af ferðunum og því kom fjöldinn allur af gestum utan Fjallabyggðar í ferðirnar.

Umferð einkabíla átti að vera ein-skorðuð við díseljeppa og í samfloti við rúturnar þar sem umferð bensínknúinna ökutækja er bönnuð í göngunum og vegurinn í gegn um göngin varla fær fólksbílum. Margir ökumenn virtu hins vegar ekki þessi tilmæli. Umferðin var því mun meiri en reiknað hafði verið með og erfiðlega gekk að halda áætlun. Heyrst hefur af farþega sem taldi bílana sem komu á móti honum. Voru það 63 einkabílar og 2 rútur. Ef reiknað er með að 3 farþegar hafi verið í hverjum einkabíl að meðaltali og 55 í hverri rútu hefur hann mætt 299 ferðalöngum á þeim 40-50 mín sem það tók hann að fara í gegnum göngin. Það má því gera að því skóna að mun fleiri hafi farið í gegn en þeir rúmlega þúsund sem opinberlega hefur verið talað um.

Ferðamennirnir „okkar“



Inga Eiríksdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Fjallabyggðar.

Rannsókn á ferðahegðun Íslendinga

Í mars og apríl á síðasta ári kannaði Rannsóknamiðstöð ferðamála, í samvinnu við Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Akureyrarstofu, Sveitarfélagið Skagafjörð og Vetrarþróttamiðstöð Íslands, ferðavenjur Íslendinga og hver samsetning ferðamannanna er yfir vetrartímamann með áherslu á Norðurland sem áfangastað.

Í ljós kom að íslenskir ferðamenn fara í ferðir bæði erlendis og innanlands yfir veturinn. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðast vera farnar ein til tvær ferðir út fyrir landsteinana. Ferðir innanlands eru fleiri og eru að jafnaði 2-4 nætur. Algengustu ákvörðunarstaðirnir eru á Suðurlandi og Norðurlandi, en ferðir í sumarbústað einkenna fyrri áfangastaðinn á meðan ferðir til vana og ættingja einkenna hinn seinni. Algengasti ferðamáttinn var einkabíllinn. Oftast fóru ferðamennirnir í síðustu ferðina í mars eða apríl, en þessu ber þó að taka með fyrirvara um mögulega skekkju vegna páska. Heimsóknir til vana og ættingja og frí var helsti tilgangur ferðar. Tæplega helmingur þeirra sem höfðu heimsótt vini og ættingja í síðustu ferð sinni innanlands höfðu gert það á Norðurlandi. Tíundi hluti hafði verið í sumarbústaðarferð, þar af einungis tæp 10% á Norðurlandi og tæp 70% á Suðurlandi. Gönguferðir, sund/laugar, veitingastaðir og skíði voru þeir afþreyingarmöguleikar sem oftast voru nýttir í síðustu ferð. Meðalútgjöld vegna gistingar, fæðis og afþreyingar í ferð eru tæpar 23.000 krónur.

Ferðahegðun á Norðurlandi

Tæp 40% svarenda könnunarinnar höfðu farið á Norðurland í síðustu ferð að vetri til, jafnmargar konur og karlar og voru hlutfallslega flestir þeirra á aldrinum 36-45. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru í miklum meirihluta ferðamanna á Norðurlandi.

Akureyri og Eyjafjörður voru það svæði sem meirihluti svarenda dvaldi oftast á á Norðurlandi. Einnig voru Skagafjörður, Húsavík, Fjallabyggð, Mývatnssveit og Dalvíkurbyggð nefnd. Flestir ferðamenn höfðu tekið ákvörðun um ferð með lengri en háls mánaðar fyrirvara. Langflestir höfðu farið í ferðina á einkabílum Langalgengast var að ferðamennirnir dveldu 2-4 nætur á áfangastað sínum á Norðurlandi. Algengast var að ferðamennirnir hefðu farið í ferðina í mars eða apríl. Ber þó niðurstöðum um tíma-setningu ferðar að taka með fyrirvara um mögulega skekkju. Flestir höfðu gist í heimahúsi hjá vinum og ættingjum, en hátt hlutfall ferðamanna á Norðurlandi hafði jafnframt farið norður í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja. Fjórðungur svarenda hafði farið norður í frí. Skíði, veitingastaðir, sund/laugar, gönguferðir og leikhús voru þeir afþreyingarmöguleikar sem ferðamenn á Norðurlandi nýttu sér hvað oftast í síðustu ferð. Eru nokkuð öðruvísi áherslur hvað nýttu afþreyingu varðar á Norðurlandi miðað við landið allt, ef marka má niðurstöður könnunarinnar. Er t.a.m. hærra hlutfall svara um skíðaiðkun, veitingastaði og leikhús á Norðurlandi en í svörum yfir landið allt. Meðalútgjöld vegna gistingar, matar og afþreyingu í síðustu ferð voru 27.700 krónur. Algengast var að ferðamennirnir leituðu að upplýsingum um Norðurland að vetrarlaga á veraldarvefnum.

Þýðing fyrir Fjallabyggð

Greinilegt er að Norðurland er vana-sæll áfangastaður hjá íslenskum ferðamönnum. Það sem kemur kannski mest á óvart, þó að við hefðum náttúrlega öll geta sagt okkur það, er að flestir Íslendingar fara í ferðalag til að heimsækja fjölskyldu eða vini. Þetta er mjög já-

kvætt fyrir okkur því mjög auðvelt er fyrir okkur að ná til þessa hóps þ.e. fjölskyldu okkar og vana. Þegar ég segi „við“ þá er ég að meina okkur öll ekki „við starfsmenn sveitarfélagsins“ eða „við starfsmenn skíðasvæðanna“ eða „við starfsmenn gististaðanna“. Það er hagur okkar allra að hingað komi gestir sem dvelji hjá okkur og kaupi af okkur vöru og þjónustu. Hver og einn gestur er mismunandi og hefur mismunandi þarfir. Einhver gæti farið í klippingu, annar með bílinn á verkstæði og hinn þriðji boðið mömmu og pabba út að borða. Það að flestir þeir sem heimsækja okkur eru vinir eða ættingjar þýðir ekki endilega að þeir séu að eyða minna. Þvert á móti sýnir rannsóknin að gestir okkar eru að eyða um 27.700 kr. að meðaltali í hverri ferð sem er 4.700 kr. meira en Íslendingar eyða að meðaltali á ferðalagi um Ísland.

Vert er að hafa í huga að þó að fjölskylda og vinir dvelji oft hjá fjölskyldu eða vinum og skapi þannig ekki beinar tekjur fyrir gististaði eða veitingahús sveitarfélagsins, þá breytist fjölskylda mynstur og stærð gjarnan í tímans rás. Ungu parið með frumburðinn sem koma og gista hjá mömmu og pabba getur með tímanum orðið að stærri fjölskyldu en mamma og pabbi ráða við, þeim geta farið að fylgja vinir eða tengdafjölskylda og því þarf að leita að hluta eða að fullu nýrra gistiúrræða. Vinir sem koma með okkar fjölskyldum geta í tímans rás farið að taka með sér aðra vini og þannig getur gestafjöldi okkar vaxið með hverju árinu. Forsendan fyrir því er þó auðvitað að vel sé tekið á móti þeim, þeir skemmti sér vel í heimsókn sinni og hafi því áhuga á að koma hingað aftur.

Þjóðum fólki til Fjallabyggðar

Síðasta sumar fengu öll heimili í Fjallabyggð send póstkort til að senda vinum og ættingjum. Þar var dagskrá sumarsins kynnt, en eins og flestir vita er mikið um að vera á hverju sumri hér í Fjallabyggð. Í ár ætlum við að fara eins að. Hvert heimili í Fjallabyggð fær send 2 póstkort sem við biðjum ykkur endilega að senda vinum og ættingjum

til að minna á þá viðburði sem eru í boði í Fjallabyggð í sumar og hversu gaman væri að heimsækja okkur. Auk þess fá öll heimili í Fjallabyggð ísskápssegul með dagskrá sumarsins til að minna okkur sjálf á dagskrá sumarsins.

Þó að umrædd könnun sé á ferðahegðun Íslendinga yfir vetrartímann má fastlega reikna með að ferðahegðun Íslendinga yfir sumartímann lúti sömu lögmálum. Þar með getum við leitt rök að því, að við, íbúar Fjallabyggðar, getum stuðlað að auknum fjölda ferðamanna með því að reyna að ná til fjölskyldu og vina. Það alla vega þess virði að reyna það.



Sjómannaáshátíð Ólafsfirði
5. - 7. júní
Midnight Sun Race Siglufirði
20. júní
Jónsmessuhátíð Siglufirði
20. - 21. júní
Blúshátíð Ólafsfirði
26. - 27. júní

Hjóðlagahátíð á Siglufirði
1. - 5. júlí
Nikulásmót Ólafsfirði
17. - 19. júlí
Slíðarævintýri á Siglufirði
31. júlí - 3. ágúst
Pæjumót á Siglufirði
7. - 9. ágúst



Þarjadarar í Ólafsfirði
21. - 23. ágúst
Gönguvika
17. - 23. ágúst



www.fjallabyggd.is

Framkvæmdir í sumar

Nú er aðalframkvæmdatími ársins að hefjast og mikið stendur til. Bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun um að halda uppi framkvæmdastiginu til að efla atvinnulífið í sumar. Meðal þess sem vinna á að í sumar er:

- Þrenging innsiglingar í Ólafsfirði og styrking sjóvarna á Siglufirði og er sú vinna hafin.
- Framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð við Hornbrekku verða boðnar út næstu daga.
- Nú í sumar verður farið í lagfæringar og endurbætur á sundstöðunum beggja byggðakjarna.
- Gatnaframkvæmdir halda áfram við Háveg syðri á Siglufirði.
- Nú er verið er að lagfæra og endurbæta Ráðhúsið á Siglufirði ásamt bókasafni og til stendur að halda áfram með lagfæringar á bæjarskrifstofunni í Ólafsfirði.
- Gert er ráð fyrir að unnið verði í stígagerð og lagfæringu á aðkomu að báðum byggðarkjörnum og verður þetta boðið út fljótlaga.
- Verið er að endurnýja leiktæki á leiksvæðum og við skólana.
- Búið er að hanna nýtt gámasvæði á Ólafsfirði sem boðið verður fljótlega út.

Auk þessa sem talið er upp hér að ofan, verður unnið í mörgum smáverkum sem eru að fara af stað og lúta aðallega að því að fegra báða bæina.

Horft til framtíðar

Íbúabing í Fjallabyggð 23. maí

Fjallabyggð boðar til íbúabings í Íþróttamiðstöðinni á Siglufirði laugardaginn 23. maí 2009 milli kl. 12:30 og 17:30. Á þinginu gefst íbúum færi á að ræða málefni sveitarfélagsins og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Dagskrá:

12:30 Setning og kynningar

12:50 Samfélagið í Fjallabyggð

Hvað gerir Fjallabyggð aðlaðandi?

Hvernig viðhöldum við kostum samfélagsins?

Hvert er hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu?

14:20 Sameiningarmál

Hverju á sameiningin að skila okkur?

Hvar má hagræða?

15:20 Kaffihlé

15:40 Atvinnumál

Hverja á að styðja við og hvernig?

Hvernig má efla einstaka atvinnuvegi í Fjallabyggð?

Hvert á hlutverk Fjallabyggðar að vera í atvinnuuppbyggingu?

17:10 Samantekt og þinglok

17:30 Þingslit

Sætaferðir verða frá Tjarnarborg í Ólafsfirði kl. 11 og heim aftur að þingi loknu. Boðið verður upp á barnagæslu.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar

www.fjallabyggd.is

„Horft til framtíðar“



Þórir Kr. Þórisson
bæjarstjóri Fjallabyggðar

„Horft til framtíðar“ eru einkunnarorð íbúapings sem haldið verður í íþróttahúsinu Siglufirði laugardaginn 23. maí næstkomandi og stendur frá kl. 12:30 til 17:30.

Íbúaping er vettvangur þar sem allir íbúar hafa tækifæri til að koma sínum hugmyndum og ábendingum um samfélagið í Fjallabyggð á framfæri. Þar er safnað saman þeirri miklu þekkingu og vísu sem

þýr í einu samfélagi. Íbúapingið er haldið í framhaldi af íbúafundum sem haldnir voru haustið 2007 undir nafninu „Fjallabyggð er frumkvöðull“

Á íbúapinginunni verður leitast við að svara þeirri spurningu hvernig íbúar Fjallabyggðar vilja sjá samfélagið í Fjallabyggð þróast. Í hverju liggur sérstaða Fjallabyggðar, hverju á sameiningin að skila okkur og hvaða tækifæri eru til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu. Hver eru skilaboð íbúa til bæjarstjórnar um samfélagið, sameiningarmál og atvinnumál svo eitthvað sé nefnt. Hvar telja íbúar að hægt sé að gera betur og hvernig má efla einstaka atvinnuvegi í Fjallabyggð?

Þingið verður með svipuðu sniði og fundirnir sem haldnir voru undir merkinu „Fjallabyggð er frumkvöðull“ og geta þátttakendur komið og farið að vild yfir daginn, tekið þátt í stuttan eða langan tíma og enginn þarf að halda ræður. Skilaboð íbúanna eru afar mikil-

væg. Þau munu verða efniviður fyrir bæjarstjórn til mótnar framtíðar Fjallabyggðar.

Nú þegar íbúum Fjallabyggðar er boðið upp á þann samræðuvettvang sem íbúaping er, er mjög mikilvægt að sem flest sjónarmið heyrast. Á íbúaping eiga allir erindi og get ég lofað fróðlegum, gagnlegum og skemmtilegum degi.

Rútur munu ganga frá Ólafsfirði til Siglufjarðar kl. 11:30 fyrir þingið og að því loknu um kl. 17:30.

Boðið verður upp á barnagæslu. Kaffi og meðlæti verður á staðnum. Jón Hrói Finnsson, þróunarstjóri Fjallabyggðar hefur staðið að undirbúningi þessa íbúapings og hefur umsjón með því og veitir hann allar nánari upplýsingar um þingið. Senda má fyrirspurnir á netfangið jonhroi@fjallabyggd.is eða í síma 464 9203.

Allir á íbúaping!



Jón Hrói Finnsson,
þróunarstjóri Fjallabyggðar.

Á síðustu árum hafa miklar breytingar orðið á því samfélagi sem við búum í. Fyrstar má telja þær miklu breytingar sem orðið hafa í atvinnuáttum á svæðinu, þar sem vægi fiskvinnslu og tengds iðnaðar hefur farið minnkandi og annar iðnaður og þjónusta hafa, enn sem komið er, aðeins að litlu leyti komið í þeirra stað. Í kjölfarið hefur íbúum fækkað umtalsvert. Þá sameinuðust Siglufjörður og Ólafsfjörður í eitt sveitarfélag og nú hafa miklar efnahagsþrengingar dunið á þjóðfélaginu, með tilheyrandi áhrifum á okkur. Þessum umbreyt-

ingum fylgir hávæðing um hagkerfi og breytingar á áherslum í rekstri sveitarfélagsins.

Ein rökin fyrir sameiningu voru þau að stærra sveitarfélag mætti reka með hagkvæmari hætti en tvö minni sveitarfélög. Annars vegar fólust hagkvæmnirökin í því að ná mætti niður föstum kostnaði með sameiningu stofnana og fækkun starfsfólks, en hins vegar í því að ná mætti meiri þjónustu út úr hverri krónu, annað hvort þannig að meiri þjónusta fengist fyrir sama pening eða að sama þjónusta yrði veitt með minni tilkostnaði. Á undanförunum þremur árum hefur margt verið gert til að endurskipuleggja starfsemi sveitarfélagsins, en biðin eftir Héðinsfjarðargöngum setur strik í reikninginn, því áhrif sameiningarinnar koma ekki að fullu fram fyrr en göngin opnast fyrir umferð. Nú er áætlað að það verði næsta sumar, og árið er ekki lengi að líða. Áhrif efnahagslæggðarinnar eru í meginatriðum tvíþætt og toga hvort í sína átt. Annars vegar hefur hún í för með sér minnkandi tekjur og

hækkun vaxtakostnaðar og verðlags sem dregur úr möguleikum sveitarfélagsins til framkvæmda og veitingu þjónustu. Hins vegar eru vaxandi kröfur á sveitarfélagið um að halda starfsfólki í vinnu til að auka ekki á atvinnuleysi og að ráðast í framkvæmdir til að halda atvinnulífinu gangandi. Við þetta bætist aukin eftirspurn eftir félagslegri þjónustu, ráðgjöf og stuðningi. Það er því ljóst að við þurfum að forgangsraða í rekstrinum og leita leiða til að mæta þessum ólíku áhrifum á skynsamlegan hátt. Á tímum eins og þessum er enn mikilvægara en ella að hafa samráð við íbúa um væntanlegar aðgerðir. Bæjarstjórn, nefndarfolk og embættismenn þurfa að vita hvað ykkur, íbúunum, finnst mikilvægt og hvað minna mikilvægt, svo hægt sé að forgangsraða í ykkar þágu. Þess vegna boðum við til íbúapings þann 23. maí.

Við stöndum frammi fyrir mörgum erfiðum ákvörðunum og af því tilefni ætlum við að ræða rekstur sveitarfélagsins og þær væntingar sem

Íbúar hafa um breytingar í kjölfar sameiningarinnar. Vonin er að við færumst nær svörum við ýmsum áleitnum spurningum um framtíðarrekstur og uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins, hvað vel sé gert og hvað megi betur fara.

Síðast en ekki síst viljum við ræða hlutverk Fjallabyggðar í uppbyggingu og eflingu atvinnulífsins á svæðinu. Sú umræða er liður í vinnu við stefnumótun Fjallabyggðar í atvinnumálum. Íbúafundirnir „Fjallabyggð er frumkvöðull“ höfðu mikil áhrif á starfshætti Fjallabyggðar í atvinnumálum og stuðning sveitarfélagsins við fyrirtæki, auk þess að hreyfa verulega við frumkvöðlum í sveitarfélaginu. Síðan fundirnir voru haldnir hefur staðið til að móta formlega stefnu á grunni þeirra sjónarmiða sem þar komu fram og skilgreina betur hlutverk sveitarfélagsins í þessum málaflökki.

Það er von okkar sem að þinginu stöndum að sem flestir sjái sér fært



Frá íbúafundi í Ólafsfirði, september 2007

að mæta og láta skoðanir sínar í ljósi. Þannig geta íbúar lagt sitt að mörkum við að tryggja að bæjarstjórn og þeir sem með henni starfa hafi góðar forsendur til að

taka réttar ákvarðanir. Ef vel tekst til verður íbúapingið byrjunin á nánú samráði bæjarstjórnar við íbúa um mikilvæg málefni.

Fjármál sveitarfélagsins



Ólafur Þór Ólafsson,
fjármálastjóri Fjallabyggðar.

Ársreikningur Fjallabyggðar fyrir árið 2008 var tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn 19. maí s.l.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 56,5 m.kr. en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 178,1 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Hallinn á rekstrinum á árinu var því 121,6 m.kr. minni en áætlað var. Meginskýringin á þessum mun er að rekstrartekjur sveitarfélagsins urðu 130,3 m.kr. hærrí en áætlað var. Rekstrartekjurnar á árinu námu þannig 1.573,5 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.443,2 millj.kr.

Til A hluta, sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.

Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. A hluti sveitarsjóðs er aðallega notaður í sambandurðarfræðum sveitarfélaga. Rekstrartekjur A hluta námu 1.447,0 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.348,3 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A hluta árið 2008 var jákvæð um 91,0 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 5,9 millj.kr.

Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins. Stöðugildi starfsmanna eru samtals 139 og laun og launatengd gjöld námu alls 869,6 m.kr. Það eru 55,3% af heildartekjum.

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Íbúðasjóður og Veitustofnun, sem sér um vatnsveitur og fráveitur.

Helstu tekjustofnar sveitarfélagsins eru útsvar, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og fasteignagjöld. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Útsvarstekjur ársins voru 671,5 m.kr. sem eru um 42,7% af heildartekjum. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,40% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Tekjur af fasteignasköttum námu 54,6 m.kr., eða 3,5% af heildartekjum. Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru samtals 430,6 m.k. eða 27,4% af heildartekjum. Samanlagður hlutur þessara tekju-liða er 73,5% af heildartekjum.

Þau 26,5% sem eftir standa eru þjónustutekjur, endurgreiðslur, eignatekjur og aðrar tekjur.

Á heildina litið er staða sveitarfélagsins ágæt. Engar lántökur áttu sér stað á árinu, og þau lán sem fyrir eru í erlendri mynt óveruleg eða 16,2 millj. króna. Skuldir við lánastofnanir eru 928,2 millj. kr. og aðallega við Lánasjóð sveitarfélaga og Íbúðalánasjóð. Handbært fé í árslok nam 324,5 millj. kr. sem þykir ágætt hjá sveitarfélagum.

Framhaldsskólinn orðinn að veruleika



Mánudaginn 16. mars skrifuðu Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Svanfríður Jónasdóttir oddviti Héraðsnefndar Eyjafjarðar og bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð og

Pórir Kr. Þórisson bæjarstjóri Fjallabyggðar undir samkomulag um byggingu framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Undirritunin fór fram í Tjarnarborg að við-

stöddum nemendum úr 10. bekk grunnskólanna á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði ásamt bæjarstjórum, bæjarfulltrúum og íbúum af Eyjafjarðarsvæðinu.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að skólameistari verði ráðinn við skólann í janúar 2010 og að kennsla hefjist í skólanum þá um haustið. Skólameistara er ætlað að vinna að undirbúningi námsframboðs og uppbyggingu framhaldsskólans í samvinnu við íbúa, atvinnulíf og grunn- og framhaldsskóla á svæðinu. Ætlunin er að byggja yfir skólann í Ólafsfirði. Þar er ætlunin að reisa 1100-1300 m² húsnæði sem hýst geti allt að 120 nemendur. Búið er að skipa bygginganefnd og er áætlað að framkvæmdir við skólabyggingu í Ólafsfirði hefjist þegar á þessu ári.

Nám á framhaldsskólastigi í Fjallabyggð



Karitas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi.

Framhaldsskóli í Ólafsfirði er orðinn að veruleika og mun taka til starfa haustið 2010. Skólanefnd framhaldsskólans hefur verið stofnuð og bygginganefnd mun hefja störf fljótlega. Á meðan beðið er eftir framhaldsskólabyggingunni hefur verið ákveðið að hefja námið í námsveri í fjarnámi ef næg þátttaka fæst. Kynningarfundir hafa verið haldnir í Ólafsfirði og á Siglufirði og rætt hefur verið við foreldra og nemendur sem eru að ljúka 10. bekk.

Það er mikilvægt að fá þennan aldurshóp til að vera í heimabyggð næsta vetur, svo hægt verði að fara af stað með 1. árgang framhaldsskólans. Eldri nemendur sem munu fara á 2. og 3. ár næsta vetur, hafa sýnt námi í heimabyggð áhuga og vilja koma heim og er það afar ánægjulegt. Nú þegar eru komnir um 15 nemendur sem ætla í fullt framhaldsnám í Ólafsfirði og 11 nemendur á Siglufirði. Auk þess er nokkur hópur fullorðins fólks sem hyggur á fjarnám og ætlar að taka nokkur fög. Námið er hugsað þannig að nemendur eru skráðir í VMA. Þeir sem stunda fullt nám, eru dagskólanemendur en skrá á umsóknina hvort þeir munu vera staðsettir á Siglufirði eða Ólafsfirði. Nemendur verða í námsveri alla virka daga frá kl. 8 og fram á miðjan dag. Auglýst verður eftir framhaldsskólakennara sem mun halda utan um hópinn og aðstoða við skipulagningu náms og annað sem þarf. Hann mun einnig kenna lífsleikni og annað sem hann er sérfræðingur í. Nemendur verða í viku-

legum tölvusamskiptum við kennara sína í VMA og fá send verkefni frá þeim vikulega sem nemendur vinna í einstaklings- eða hópavinnu. Einnig eru hugmyndir um að fagkennarar með framhaldsskólamenntun sem búsettir eru í heimabyggð, komi inn í kennslu. Þetta fyrirkomulag þekkist t.d. í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og hefur reynst mjög vel, enda eru nemendur að fá með þessu mikla aðstoð í náminu. Ekki er búið að ákveða í hvaða húsnæði námsverið verður en ákveðin húsnæði koma til greina, bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Uppi eru hugmyndir um að hafa námsverið eitthvað opið um helgar eða á kvöldin fyrir þá nemendur sem ekki eru í fullu námi en ætla sér að taka nokkrar einingar og ekki geta nýtt sér námsverið á sama hátt og dagskólanemendur. Þannig geta fjarnemar komið saman, rætt málin og unnið að verkefnum.

Fjallabyggð fær styrki til menningarmála

Fjallabyggð og félagasamtök í Fjallabyggð fengu úthlutað menningarstyrkjum frá Menningarráði Eypings þann 19. mars sl. við hátíðlega athöfn í Menningarmiðstöð Þingeyinga – Safnahúsinu á Húsavík. Það er gleðilegt frá því að segja að allir aðilar innan Fjallabyggðar sem sóttu um, fengu styrki til menningarmála.

Ungmennafélagið Glói á Siglufirði fékk styrk til að halda ljóðahátíðina Glóð í byrjun september.

Menningarnefnd Fjallabyggðar fékk styrk fyrir hönd Sjómannadagsráðs Ólafsfjarðar til að halda myndlistanámskeið fyrir börn með áherslu á hafið og verður afraksturinn sýndur á Sjómannadaginn.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði fékk styrk en hátíðin er 10 ára í sumar.

Jassklúbbur Ólafsfjarðar var styrktur til að halda Blúshátíð í Ólafsfirði undir heitinu; Norðurlandskvöld en Blúshátíðin er einnig haldin í tífunda sinn í lok júní.

Stuttmyndaefestivalið Stulli er samstarf félagsmiðstöðva á svæðinu og var styrkur veittur til verkefnisins en félagsmiðstöðvagnar á Siglufirði og í Ólafsfirði eru þátttakendur í því.

Listahátíðin „List án landamæra“ er samstarfsverkefni ýmissa félaga, bæði fatlaðra og ófatlaðra og ætla fjölmargir listamenn á Siglufirði og í Ólafsfirði að halda sýningar í maí.

Heimsókn forseta

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti Fjallabyggð 25. og 26. mars sl..

Þann 25. var forsetinn á Siglufirði. Þar skoðaði hann Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar og heimsótti grunn- og leikskólann. Í hádeginum borðaði hann hádegisverð með íbúum í Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra.

Eftir hádegi heimsótti hann nokkur fyrirtæki á Siglufirði og var síðan boðið uppá kaffi í Síldarminjasafninu.

Þann 26. e.h. kom svo forsetinn til Ólafsfjarðar. Hann byrjaði á því að heimsækja leikskólann. Því næst hitti hann nemendur grunnskólans í félagsheimilinu Tjarnarborg þar sem þau yngri sungu fyrir hann áður en hann sat fyrir svörum nemenda. Nemendur voru með margar spurningar til forsetans bæði um starf hans og einkalíf. Sumum fannst ansi skrítið að hann væri bæði forseti og afi.

Eftir spjallið við nemendur grunnskólans heimsótti forsetinn nokkur fyrirtæki í Ólafsfirði áður en hann drakk kaffi með heimilisfólkinu á Hornbrekku, dvalarheimili aldraðra.

Veðrið var nú ekki í spariskapinu en forseta virtist líka það vel og sagði það minna á heimaslóðir sínar.

Samningur um hafnarframkvæmdir undirritaður

Föstudaginn 3. apríl var undirritaður verksamningur um endurbyggingu sjóvarnargarða og þrengingu innsiglingarinnar að vesturhöfninni í Ólafsfirði. Árni Helgason ehf. mun vinna verkið.

Árni Helgason átti næstlægsta tilboð í verkið, en Háfell ehf., sem átti lægsta tilboð, sagði sig frá verkinu áður en samningar voru undirritaðir. Áætlað er að framkvæmdirnar hefjist á næstu vikum og ljúki á haustmánuðum.

Þeir Sigtryggur E. Benediktsson frá Siglingastofnun og Árni Helgason, verktaki, undirrituðu samninginn.

Siglóport

Fimmtudaginn 9. apríl, skírdag, var sett upp kolaport í Alþýðuhúsinu á Siglufirði þar sem fyrirtæki og einstaklingar gátu selt vörur sínar. Var staðurinn nefndur Siglóport

Hugmyndin var hluti af landsbyggðarverkefni sem Grunnskóli Siglufjarðar var þátttakandi í í vetur og fékk nemandi í 10. bekk, Sigurður Hrannar, sérstaka viðurkenningu fyrir þessa hugmynd sína.


Matjurtagarðar fyrir almenning

Ákveðið hefur verið að gefa íbúum Fjallabyggðar kost á að rækta sitt eigið grænmeti í matjurtagörðum sem sveitafélagið hyggst koma upp, annarsvegar ofan Hávegar (syðst) á Siglufirði og hinsvegar í landi Hornbrekku-bæjarins í Ólafsfirði. Hægt var að velja á milli 15 og 20 fermetra garða, og hefur verðinu verið stillt í hóf. Innifalið í verði er garður tilbúinn til notkunar, ráðgjöf og eftirlit með görðunum. Ásókn eftir görðum hefur verið góð. Nokkrir garðar eru þó enn lausir .

Breyting á reglum um umferð í Ólafsfirði.

Tæknideild auglýsti breytingu á reglum um umferð í Ólafsfirði.

Við gatnamót Aðalgötu og Ægisgötu er Aðalgatan orðin aðalbraut og biðskylda á Ægisgötu að sunnan og stöðvunarskylda að norðan.



Sjómanna­dagshátíð Ólafsfirði
5. - 7. júní

Midnight Sun Race Siglufirði
20. júní

Jónsmessuhátíð Siglufirði
20. - 21. júní

Blúshátíð í Ólafsfirði
26. - 27. júní

Þjóðlagahátíð á Siglufirði
1. - 5. júlí

Nikulásarmót í Ólafsfirði
17. - 19. júlí

Sildarævintýri á Siglufirði
31. júlí - 3. ágúst

Þæjumót á Siglufirði
7. - 9. ágúst

Berjadagar í Ólafsfirði
21. - 23. ágúst

Gönguvika
17. - 23. ágúst

